



Reykjavík, 12. nóvember 2019

SFS2019110123

175. fundur

HG/gms

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Fjöldi kennara með leyfisbréf og fjöldi leiðbeinenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Haustið 2019 veitti Menntamálastofnun skólastjórum í grunnskólum Reykjavíkurborgar heimild til að ráða 127 einstaklinga sem ekki hafa leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Haustið 2018 voru 103 undanþágur veittar. Hlutfall kennara með leyfisbréf í grunnskólum borgarinnar er 91,7% nú miðað við 92,8% haustið 2018. Ef deildarstjórar eru taldir með er hlutfallið 92%. Hlutfall kennara sem eru með leyfisbréf er lægst 70,5% og hæst 100%, en í fjórum skólum voru allir kennarar með leyfisbréf.

Þegar skoðað er menntunarstig þeirra sem fá undanþágu þá eru 90,6% leiðbeinenda í tveimur hæstu menntunarflokkunum, en aðeins 2,4% í neðstu fimm menntunarflokkunum. Heildarniðurstöður fyrir borgarrekna grunnskóla í Reykjavík er að finna í töflu 1 og skilgreiningu á menntunarflokkunum er að finna í töflu 2.

	2018	2019
Heildarfjöldi leiðbeinenda	103	127
Heildarfjöldi kennara	1337	1402
Samtals	1440	1529
Hlutfall kennara með leyfisbréf	92,8%	91,7%
Heildarfjöldi deildarstjóra	59	67
Samtals fjöldi kennara, deildarstjóra og leiðbeinenda	1499	1596
Hlutfall með leyfisbréf af öllum (kennarar og deildstj.)	93,1%	92,0%
Menntunarstig leiðbeinenda		
Hlutfall með menntunarstig 0-5	1,0%	2,4%
Hlutfall með menntunarstig 6-8	6,8%	7,1%
Hlutfall með menntunarstig 9-10	92,2%	90,6%

Tafla 1. Hlutfall kennarar með leyfisbréf og menntunarstig leiðbeinenda

Menntun þeirra sem skólastjórar sækja um undanþágu fyrir er greind í 10 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám í iðngrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar og fl.
10. BA., BS., B.Ed. í grunnskólakennarafræðum, Ph.cand., MA., Cand.mag., Cand.phil., Cand.psyk., Mag. theol. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar.

Tafla 2. Menntunarflokkar leiðbeinenda